

# Vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins frá öðrum byggðarlögum á Suðvesturlandi

Þóroddur Bjarnason og Sigríður Elín Þórðardóttir<sup>1</sup>

## Ágrip

Á undanförunum árum hafa landsbyggðir í seilingarfjarlægð frá borgarsvæði Reykjavíkur vaxið talsvert hraðar en höfuðborgarsvæðið sem slíkt. Í þessari rannsókn er vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins metin í samanburði við vinnusókn innan heimabyggðar og til annarra byggðarlaga í viðkomandi landshluta. Sérstaklega verður litið til áhrifa kyns, aldurs, menntunar og tegundar starfs á vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins eftir byggðarlögum. Rannsóknin byggir á gögnum um vinnusókn frá einstökum landshlutum til höfuðborgarsvæðisins sem Gallup safnaði fyrir Bygðastofnun í blandaðri net- og símakönnun árið 2017. Niðurstöður sýna að vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins er mikilvægur hluti vinnumarkaðar á suðvestursvæðinu, sérstaklega á svæðinu frá Vogum á Vatnsleysuströnd að Akranesi, Þorlákshöfn og Hveragerði. Vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins er mikilvægari fyrir karla en konur og meðal yngra fólks tengist háskólamenntun aukinni vinnusókn til borgarinnar. Vinnusóknin er mest meðal fólks í tækni og vísindum, stjórnslu, félags- og menningarstarfsemi en minnst meðal þeirra sem starfa við frumframleiðslu eða fræðslustarfsemi. Að Vogum á Vatnsleysuströnd undanskildum er þó langt frá því að vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins eða annarra byggðarlaga sé helsti atvinnuvegur íbúa suðvestursvæðisins. Flestir sækja vinnu í heimabyggð og víðast hvar sækja fleiri vinnu til annarra byggðarlaga á sama landsvæði en til höfuðborgarsvæðisins.

## Abstract

In recent years regions within commuting distance from the Reykjavík urban area have grown faster than the capital area as such. In this study, commuting to the capital area is compared to work within the home community and commuting within each region. Special attention is given to the effects of gender, age, education and employment sector on commuting to the capital area from different areas. The research is based on data on commuting to the capital area from different parts of Iceland collected by Gallup for the Icelandic Regional Development Institute in a mixed internet and phone survey in 2017. The results show that commuting to the capital area is an important part of the job markets in the southwest region, in particular in the area from Vogar á Vatnsleysuströnd to Akranes, Þorlákshöfn and Hveragerði. Commuting to the capital area is more important for men than women and university education is associated with more commuting to the capital area among younger respondents. The level of commuting is highest in the sectors

<sup>1</sup> Þóroddur er prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri. Netfang: thorodd@unak.is. Sigríður Elín er sérfræðingur við Bygðastofnun. Netfang: sigridur@byggdastofnun.is.

of science and technology, administration, associations and cultural activities but lowest in primary production and education. With the exception of Vogar, however, commuting to the capital area is far from being the most important source of employment for residents of the southwest region. More people work in their home community than in the capital area and in most regions more people commute to other communities within the region than to the capital area.

*JEL flokkun: R11; R12*

*Lykilorð: Vinnumarkaðir; vinnusókn; Höfuðborgarsvæði; Suðvestursvæði*

*Keywords: Job markets; Commuting; Capital area; Southwest region*

## Commuting to the Reykjavík capital area from Southwest Iceland

### 1 Inngangur

Á heimsvísu hefur síðastliðin öld einkennst af mikilli fólksfjölgun, umfangsmiklum fólksflutningum og hröðum vexti borga og bæja. Meira en helmingur mannkyns býr nú í þéttbýli af einhverju tagi þótt íbúum í strjálbýli hafi í heildina raunar ekki fækkað (Sameinuðu þjóðirnar, 2015). Jafnframt hafa skilin milli þéttbýlis og strjálbýlis orðið sífellt óljósari með umbyltingu samgangna, tækni og atvinnuhátta. Með samgöngubótum 19. og 20. aldar urðu til úthverfi (e. suburbs) í útjaðri borganna þar sem fólk gat sótt vinnu til borgarinnar en búið með fjölskyldum sínum í hreinna, rólegra og öruggara umhverfi þar sem húsnæði var nýlegt og oft ódýrara en í borginni. Þannig breiddist samfelld þéttbýli út frá borgunum, lagði undir sig nálæg þorp og bæi og borgir á sama landsvæði runnu jafnvel saman. Með því urðu til víðáttumikil borgarsvæði með mörgum eldri stjórnsýslueiningum. Samkvæmt skilgreiningu OECD (2013) teljast virk borgarsvæði (e. functional urban areas) í Evrópu vera þéttbýlissvæði þar sem a.m.k. 15% starfandi íbúa sækja vinnu til borgarkjarna sem telja a.m.k. 50 þúsund íbúa og hafa a.m.k. 1.500 íbúa á ferkílómetra.

Hér á landi uppfyllir höfuðborgarsvæðið (Reykjavík og aðliggjandi sveitarfélög í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ) skilyrði OECD um virkt borgarsvæði önnur en þéttleika byggðar í borgarkjarnanum. Vöxtur höfuðborgarsvæðisins var yfirgnæfandi þáttur í mannfjöldaþróun síðustu aldar og þar búa nú um tveir af hverjum þremur landsmönnum (Hagstofa Íslands, 2018a). Axel Hall o.fl. (2002) hafa fært fyrir því rök að þessi samþjöppun hafi í fyrstu verið nauðsynleg til að halda niðri flutnings- og viðskiptakostnaði í landi þar sem fólksfjölgun var mikil, framleiðni í landbúnaði lítil og samgöngur og aðrir innviðir frumstæðir. Þegar höfuðborgarsvæðið komst á skrið hafi hins vegar hafist sjálfnerandi hringrás þar sem sífellt meiri mannfjöldi skapaði sífellt fleiri tækifæri sem drógu sífellt fleiri til borgarsamfélagsins á suðvesturhorninu. Á sama tíma hafi breytingar í tækni, framleiðsluháttum, viðskiptum, menntun, þjónustu og kröfum til lífsgæða aukið hlutfallslega yfirburði höfuðborgarsvæðisins á kostnað annarra landsvæða.

Víða á Vesturlöndum varð vöxtur annarra byggðarlaga í seilingarfjarlægð frá virkum borgarsvæðum sífellt meira áberandi á síðari hluta 20. aldar. Þannig hafa orðið til víðfeðm svæði hverfa, bæja, þorpa, hverfa og stakstæðra húsa sem liggja vel við samgöngum og ýmist hafa verið nefnd útbyggðir (e. exurban settlements) eða jaðarbyggðir (e. periurban settlements) borganna. Misjafnt er hversu háð slík svæði eru vinnusókn til borgarinnar en OECD (2013) skilgreinir áhrifasvæði borga (e. urban hinterlands) sem þau sveitarfélög utan borgarsvæðanna þar sem a.m.k. 15% starfandi íbúa sækir vinnu til borgarkjarnanna.

Vegna bættra samgangna og fyrirhugaðra vegaframkvæmda á suðvesturhorni landsins í upphafi sjöunda áratugar síðustu aldar spáði Valdimar Kristinsson (1963) umtalsverðri fólksfjölgun á áhrifasvæði Reykjavíkur allt frá ofanverðum Borgarfirði út á Reykjanes og

austur undir Eyjafjöll. Slík þróun var þó lengi vel hæg og fjölgun landsmanna kom einkum fram á höfuðborgarsvæðinu sjálfu. Árið 1997 sýndi Stefán Ólafsson þó fram á að margir borgarbúar hefðu áhuga á því að búa í minna samfélagi og heildarmat á búsetuskilyrðum væri hærra í stærri byggðakjörnum á Suðvesturlandi en á höfuðborgarsvæðinu. Hann taldi að á næstu árum myndu því búferlaflutningar hugsanlega aukast til þéttbýlisstaða innan seilingar frá borginni. Fimm árum síðar sáu Axel Hall o.fl. (2002) skýr merki um fjölgun í bæjarkjörnum í 30–60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík og spáðu því að flutningar til slíkra staða myndu aukast til muna með frekari vegbótum, betri bifreiðum og lægra eldsneytisverði.

Frá síðustu aldamótum hefur hraði íbúafjölgunar á suðvestursvæðinu frá Akranesi um Suðurnes að Árborg aukist til muna og er nú talsvert meiri en á höfuðborgarsvæðinu. Þannig fjölgaði íbúum suðvestursvæðisins um 57% frá 1. janúar 1998 til 1. janúar 2018, samanborið við 35% fjölgun á höfuðborgarsvæðinu (Hagstofa Íslands, 2018a). Vegna þessa vaxtar suðvestursvæðisins hefur fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu verið undir landsmeðaltali á síðustu árum. Fjölgunin verið sérstaklega hröð á Suðurnesjum en fólksfjölgun á sunnanverðu Vesturlandi og vestanverðu Suðurlandi hefur einnig verið hraðari en á höfuðborgarsvæðinu. Þessi vöxtur á suðvestursvæðinu skýrist einkum af jákvæðum flutningsjöfnuði svæðisins gagnvart höfuðborgarsvæðinu annars vegar og gagnvart öðrum löndum hins vegar (Hagstofa Íslands, 2018b). Á sama tíma hafa aðflutningar til höfuðborgarsvæðisins frá fjarlægari svæðum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi farið minnkandi og fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu skýrist nú um stundir að mestu leyti af náttúrulegri fjölgun íbúanna og aðflutningum fólks frá öðrum löndum. Það er í samræmi við minnkandi fólksflutninga frá dreifbýlli landsvæðum til borgarsvæða víða annars staðar á Vesturlöndum (Champion, Cooke og Shuttleworth, 2018).

Sumir fræðimenn telja vöxt byggðarlaga utan höfuðborgarsvæðisins á suðvestursvæði landsins raunar einungis sýna að þau séu orðin útbyggðir eða jaðarbyggðir á áhrifasvæði hennar og vilja jafnvel líta á allt suðvesturhorn landsins sem „stór-höfuðborgarsvæðið“ (sjá t.d. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir o.fl., 2012; Vífill Karlsson og Hjalti Jóhannesson, 2016) eða einfaldlega „höfuborgarsvæðið“ (Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eyþórsson, 2013). Með svipuðum hætti hafa lánastofnanir einkum rakið fólksfjölgun á suðvestursvæðinu til skorts á íbúðarhúsnæði og hlutfallslega háu húsnæðisverði á höfuðborgarsvæðinu (Arionbanki, 2017; Íslandsbanki, 2017). Erlendar rannsóknir benda hins vegar til þess að úthverfavæðing sé yfirleitt aðeins einn þáttur í vexti landsbyggða í seilingarfjarlægð frá borgum og bæjum (Grimsrud, 2011; Halfacree, 2008; Mitchell, 2004).

Í þessari rannsókn verður vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins metin á grundvelli spurningakönnunar sem náði til tæplega fimm þúsund íbúa á Vesturlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum. Vinnusóknarsvæði Reykjavíkur á suðvesturlandi verður metið með hliðsjón af skilgreiningu OECD (2013) á áhrifasvæðum borga og vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins borin saman saman við vinnusókn innan heimabyggðar og til annarra byggðarlaga í viðkomandi landshluta. Sérstaklega verður litið til áhrifa kyns, aldurs, menntunar og starfsgreinar á vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins eftir landshlutum og byggðarlögum innan þeirra.

## 2 Fræðilegur bakgrunnur

Með fólksfjölgun í borgum, hækkandi húsnæðisverði, bættum samgöngum og öðrum tækniþróunum hafa ytri mörk vinnumarkaðar flestra borgasamfélaga færst sífellt lengra út í strálbýlli svæði (Amcoff, 2009; Garmendia o.fl., 2011; Grimsrud, 2011; Haas og Osland, 2014; Mitchell, 2004; Renkow og Hoover, 2000). Frá sjónarhóli borgarinnar kunna slík byggðarlög að líkjast fjarlægum úthverfum en frá sjónarhóli byggðarlaganna mætti e.t.v. líta á fjölbreytni borgarinnar og samskipti við borgarbúa sem staðbundna auðlind á sama hátt og nálægð við gjöful fiskimið eða aðrar náttúruauðlindir. Hvorutveggja kann vitaskuld að eiga við nokkur rök að styðjast og nágrannar í sömu götu í tilteknum bæ

eða þorpi geta þannig ýmist litið byggðarlagið sem úthverfi borgarinnar eða sjálfstætt byggðarlag sem nýtur góðs af nálægðinni við borgina.

Vinnusókn um langan veg er hins vegar misjöfn eftir einstaklingsbundnum þáttum á borð við aldur, kyn og fjölskylduaðstæður. Yngra fólk ferðast oft lengra til vinnu en þeir sem eldri eru, en það samband er yfirleitt fremur veikt og óreglulegt (Cassel o.fl., 2013; Maoh og Tang, 2012; Sandow, 2008). Þá eru konur ólíklegri en karlar til að ferðast langt til vinnu, sérstaklega ef börn eru á heimilinu (Cassel o.fl., 2013; Crane 2007; Haas og Osland 2014; Maoh og Tang 2012). Það kann að hluta til að skýrast af hefðbundinni verka-skiptingu kynjanna þar sem mæður bera oft meiri ábyrgð á heimilishaldi og skólagöngu barna (Andrea Hjálmsdóttir og Atli Hafþórsson, 2015; Dobbs, 2007). Þannig jókst vinnusókn yngri mæðra út fyrir heimabyggð sérstaklega við opnun Héðinsfjarðarganganna sem stytta vegalengdina milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar úr 60 km að sumri og 230 km að vetri í 17 km allan ársins hring (Þóroddur Bjarnason, 2014).

Meiri menntun spáir fyrir um bæði viljann til að ferðast langt til vinnu og meðalfjarlægð milli heimilis og vinnustaðar (Cassel o.fl., 2013; Sandow, 2008; Sandow og Westin, 2010; Öhman og Lindgren, 2003). Þetta skýrist að hluta til af því að menntun tengist aukinn sérhæfingu starfa og „þynnri vinnumarkaði“ þar sem ólíklegri er að finna vinnu við hæfi í næsta nágrenni við æskilegt heimili (Cassel o.fl., 2013; Maoh og Tang, 2012; Sandow 2008; Sandow og Westin 2010). Aukin menntun tengist að jafnaði einnig hærri tekjum sem gerir það að verkum að ferðakostnaður skiptir hlutfallslega minna máli en tekjumöguleikar og eðli þess starfs sem er í boði.

Á sama tíma og vinnusóknarsvæði hafa stækkað hafa tengsl margra einstaklinga við tiltekinn vinnustað trosnað umtalsvert. Þótt flestir fari enn daglega til vinnu á tilteknum stað allt árið um kring eru sífellt fleiri sem gera það sjaldnar eða eiga jafnvel ekki einn tiltekinn vinnustað (Haddad, Lyons og Chatterjee, 2009; Helminen og Ristimaki, 2007; Shabanpour o.fl., 2018; Zhu, 2012). Margir nýta samgöngu- og fjarskiptatækni til að starfa vítt og breitt um landið eða heiminn og ýmsar tækniframfarir gert fleirum kleift að sinna vinnu sinni að meira eða minna leyti á eigin heimilum, á kaffihúsum og annarri tímabundinni vinnuaðstöðu, eða bókstaflega á ferð milli staða í ferjum, strætisvögnum, lestum eða flugvélum (Grimes, 2000; Helminen og Ristimaki, 2007; Hislop og Axtell, 2007; Laegran, 2008; Simpson o.fl., 2003). Þá hafa skammtímaráðningar og tímabundin verkefni færst í vöxt og sérfræðingar jafnt sem ófaglært starfsfólk er sífellt ólíklegri til að vinna áratugum saman hjá sömu stofnun eða fyrirtæki (Fleming, 2017; Lowe, 2018; Power o.fl., 2013; Schwartz, 2018).

Með svipuðum hætti hafa þjónustusvæði þéttbýlisstaða stækkað með bættem samgöngum, tækniframförum og skipulagsbreytingum einkafyrirtækja og opinberra aðila (Árni Ragnarsson, 2017; Byggðastofnun, 2012a; Þóroddur Bjarnason, 2018). Í stöðugreiningu Byggðastofnunar (2012b, 2012c, 2012d) vegna sóknaráætlana landshlutanna er litið á Suðurnes, suðurhluta Vesturlands og vesturhluta Suðurlands sem hluta af vinnusóknarsvæði höfuðborgarinnar. Í sóknaráætlun Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum (2015) eru Suðurnesin hins vegar talin vera sérstakt vinnusóknarsvæði en þess þó getið að vinnusókn sé mikil til og frá höfuðborgarsvæðinu. Í þeirri sóknaráætlun er nálægð við mannauð, þjónustu og afþreyingu höfuðborgarsvæðisins talin styrkur fyrir landshlutann en hörð samkeppni við höfuðborgarsvæðið um fólk, fyrirtæki og þjónustu af ýmsu tagi er talin veikleiki. Í sóknaráætlun Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi (2015) eru Selfoss, Hveragerði og Þorlákshöfn talin vera innan áhrifa- og vinnusóknarsvæðis höfuðborgarinnar og í sóknaráætlun Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (2015) er Akranes beinlínis talið hluti af borgarsvæði Reykjavíkur en jafnframt lýst yfir sérstökum áhyggjum yfir því að Vesturland sé „ekki sami búsetusegull og Suðurland og Suðurnes gagnvart þeim íbúum höfuðborgarsvæðisins sem gætu hugsað sér að setjast að í smærri bæjum eða í sveitinni en halda góðu aðgengi að höfuðborgarsvæðinu“ (bls. 14).

Slík áhrifasvæði borgarinnar eru ekki skilgreind í sóknaráætlun Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2015) og raunar birtist þar nokkuð tvíbent afstaða til aðliggjandi

landsbyggða. Annars vegar er fullyrt að framtíð landsins velti á því að landsskipulagsstefna og byggðaaætlun styðji sérstaklega við farsæla uppbyggingu höfuðborgarsvæðisins sem einnar borgar með mörgum stjórnsýslueiningum, meðal annars með því að skerpa mörk borgarinnar og vinna gegn dreifingu byggðar á suðvesturhorni landsins. „Innan vaxtarmarka verður þéttbýlið, íbúðir, verslun og þjónusta, iðnaður og annað sem tilheyrir borgarumhverfi auk útivistarsvæða. Utan markanna verði t.d. vatnsverndarsvæði og önnur verndarsvæði, stærri útivistarsvæði, landbúnaður, frístundabyggð, óbyggð svæði og annað sem tilheyrir dreifbýli“ (bls. 30). Á hinn bóginn er einnig gert „...ráð fyrir að íbúum nágrannabyggða fjölgi töluvert og að stór hluti íbúa þar muni sækja vinnu, nám og þjónustu á höfuðborgarsvæðið“ (bls. 20). Því þurfi að tryggja öruggt og gott flæði bílaumferðar á meginstofnvegum sem tengja höfuðborgarsvæðið og aðliggjandi svæði.

Vegalengdir skipta þó sífellt minna máli fyrir aðgengi fólks að þjónustu og afþreyingu og ýmis önnur lífsgæði hafa aukin áhrif á ákvarðanir um búsetu (Stefán Ólafsson, 1997; Anna K. Gunnarsdóttir, 2009; Vífill Karlsson og Grétar Þ. Eyþórsson, 2009; Þóroddur Bjarnason, 2018). Þannig hefur til dæmis banka- og fjármálaþjónusta að stórum hluta færst frá afgreiðsluborðum til netgátta og margvíslegar efnisveitur bjóða upp á fjölbreytt úrval af kvikmyndum, tónlist og bókum á netinu. Nám á framhalds- og háskólastigi er í vaxandi mæli í boði í fjarnámi eða sveigjanlegu námi og fyrstu skrefin hafa verið stigin í átt að fjarlækningum og nettengdri heilbrigðisþjónustu. Þá hefur netverslun rutt sér til rúms á ákveðnum sviðum og þátttaka í margvíslegum hópum og félagasamtökum um áhuga- og hagsmunamál er sífellt minna háð búsetu.

Æskileg búseta tengist því í auknum mæli einstaklingsbundnum þáttum á borð við fjölskylduaðstæður, lífsskoðanir og áhugamál af ýmsu tagi sem geta verið breytileg eftir kyni, aldri og æviskeiðum (Stefán Ólafsson, 1997; Vífill Karlsson og Grétar Þ. Eyþórsson, 2009; Þóroddur Bjarnason, 2018). Þannig getur fjölbreytni borgarlífsins höfðað í ríkari mæli til sumra en aðrir sóst eftir þeim lífsgæðum sem einkenna dreifðari byggðir. Auk fjarlægðar frá vinnustað og þjónustu geta þættir á borð við nálægð við fjölskyldu og vini, umferðarþunga, afbrotatíðni og möguleika til útivistar og afþreyingar haft veruleg áhrif á búsetuval einstaklinga. Við húsnæðis kaup stendur fólk jafnframt frammi fyrir vali milli kostnaðar, gæða og staðsetningar húsnæðis.

Tækniframfarir og bættar samgöngur hafa þó enn sem komið er ekki gert möguleika á atvinnu og þjónustu fyllilega óháða staðsetningu heimilis. Þótt störfum án staðsetningar hafi fjölgað gera flest fyrirtæki og stofnanir enn kröfu um að starfsfólk mæti reglulega til höfuðstöðvanna eða tiltekinna starfsstöðva. Með svipuðum hætti er margvísleg verslun, þjónusta og afþreying einungis í boði í borgarsamfélaginu þótt sífellt fleira sé hægt að sækja á netinu. Þessar aðstæður styðja mjög við byggðarlög á suðvestursvæði landsins þar sem íbúar geta ýmist sótt þjónustu í heimabyggð, á netinu eða á höfuðborgarsvæðið og fólk í ýmsum störfum geti unnið að hluta til í fjarvinnu en jafnframt mætt reglulega á vinnustað í borginni. Á sama tíma bjóða slíkar landsbyggðir upp á ýmsa kosti dreifðari byggða, svo sem ódýrara húsnæði, styttri ferðatími innan byggðarlagsins, lægri glæpatíðni, minni óþægindi af umferð og meiri nálægð við tiltölulega óspillta náttúru (Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2012; Stefán Ólafsson, 1997; Vífill Karlsson og Grétar Þ. Eyþórsson, 2009).

### 3 Aðferðir og gögn

Þessi rannsókn byggir á gögnum um atvinnu- og þjónustusókn 18–80 ára íbúa einstakra landshluta sem Gallup safnaði fyrir Byggðastofnun í blandaðri net- og símakönnun 15. júní – 15. október 2017.

**Tafla 1.** Íbúar 18–80 ára og þátttakendur í könnun á atvinnu- og þjónustusókn á einstökum svæðum á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi árið 2017


Breyta	ÞJÓÐSKRÁ 2017		KÖNNUN 2017	
	Íbúar 18–80 ára	Þátttakendur	Á vinnumarkaði	
1. SUÐURNES	17.423	1.160	795	
1.1 Suðurnes án Voga	861	160	105	
1.2 Vogar á Vatnsleysuströnd	16.562	1.009	690	
2. VESTURLAND	11.455	1.385	962	
2.1 Akranes og Hvalfjarðarsveit	5.447	526	361	
2.2 Borgarfjörður	2.680	390	260	
2.3 Snæfellsnes og Dalir	3.328	469	341	
3. SUÐURLAND	20.328	2.399	1.634	
3.1 Hveragerði og Ölfus	3.348	539	364	
3.2 Árborg og Flóahreppur	6.488	438	290	
3.3 Uppsveitir Árnassýslu og Rangárvallasýsla	4.670	618	446	
3.4 Suðurland annað	5.822	804	534	
SAMTALS	49.206	4.944	3.391	

Tekið var lagskipt slembiúrtak úr Þjóðskrá og viðhorfahópi Gallup, skipt eftir póst- eða sveitarfélaganúmerum. Þátttakendur í viðhorfahópi fengu sendan tölvupóst með tengli sem vísaði í könnunina. Samhliða hringdu spýrlar Gallup í þjóðskrárhauta úrtaksins og buðu þátttakendum að svara könnuninni á netinu eða í síma. Þrjár áminningar voru sendar til þátttakenda með tölvupósti.

Alls bárust 4.953 svör; 1.169 svör frá íbúum á Suðurnesjum, 2.399 frá íbúum á Suðurlandi en 1.385 frá íbúum á Vesturlandi. Svarhlutfall var 34% á Suðurnesjum, 39% á Suðurlandi en 46% á Vesturlandi. Tafla 1 sýnir fjölda svara frá einstökum svæðum innan þessara landshluta.

Spurningakönnunin snerist að meginhluta um notkun íbúanna á margvíslegri þjónustu en einnig var spurt um atvinnusókn þeirra. Í þessari rannsókn er byggt á þeim hluta úrtaksins sem var virkur á vinnumarkaði. Þar sem úrtakið var ekki hlutfallslega lagskipt eftir búsetu eru gögnin vegin til samræmis við íbúafjölda, kyn og aldursskiptingu á hverju búsetusvæði samkvæmt þjóðskrá 1. október 2017.

Í úrvinnslunni er hverjum landshluta er skipt upp eftir fjarlægð frá Reykjavík eins og sjá má á mynd 1. Vegalengdir milli staða eru byggðar á upplýsingum Vegagerðarinnar (2018).



**Mynd 1.** Einstök svæði á Vesturlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi og skilgreining suðvestursvæðisins í u.þ.b. 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík

Á Suðurnesjum eru Vogar á Vatnsleysuströnd skoðaðir sérstaklega þótt byggðarlagið sé aðeins lítil hluti landshlutans. Það er gert vegna þess að Vogar eru mun nær höfuðborgarsvæðinu en önnur byggðarlög á Suðurnesjum og raunar miðja veginni milli Hafnarfjarðar (24 km) og Garðs (24 km). Því má gera ráð fyrir því að vinnusókn frá Vogum sé verulega frábrugðin því sem gerist annars staðar á Suðurnesjum.

Á Vesturlandi er Akranes og Hvalfjarðarsveit skoðuð sérstaklega, en 49 km eru til Reykjavíkur frá Akranesi samanborið við 74–108 km frá Borgarnesi og öðrum byggðakjörnum í Borgarfirði. Loks eru Snæfellsnes og Dalasýsla tekin saman en frá einstökum byggðakjörnum á þeim svæðum eru 153–203 km til Reykjavíkur.

Suðurlandi var skipt í fjóra hluta. Frá Hveragerði og Ölfus eru 46–52 km til Reykjavíkur en 56–64 km frá Selfossi og öðrum byggðakjörnum Árborgar. Uppsveitir Árnæssýslu og Rangárvallasýslu eru skoðuð saman en sem dæmi má nefna að til Reykjavíkur eru 77 km frá Laugarvatni, 103 km frá Flúðum og 106 km frá Hvolsvelli. Annars staðar á Suðurlandi eru Vestmannaeyjar og Skaftafellssýslur utan almennrar vinnusóknar til Reykjavíkur en þangað eru 186 km frá Vík í Mýrdal, 259 km frá Kirkjubæjarklaustri og 458 km frá Höfn í Hornafirði. Frá Vestmannaeyjum og Höfn eru jafnframt flugsamgöngur til Reykjavíkur.

Skilgreining áhrifasvæðis Reykjavíkur á Suðvesturlandi er nokkuð á reiki en oft er miðað við 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík (sjá t.d. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir o.fl, 2012; Vífill Karlsson og Hjalti Jóhannesson, 2016). Niðurstöður þessarar rannsóknar benda jafnframt eindregið til þess að vinnusókn til Reykjavíkur sé afar takmörkuð utan þess radíus. Í þessari rannsókn er „suðvestursvæðið“ skilgreint sem svæðið frá Akranesi um Suðurnes, Ölfus, Hveragerði, Árborg og Flóahrepp (sjá mynd 1).

Vinnusókn er metin með svörum við spurningunni „Sækir þú vinnu út fyrir þéttbýlið þar sem þú býrð (eða út fyrir sveitabæ)?“. Svarendur sem eru í vinnu en svara þeirri spurningu neitandi teljast vinna í heimabyggð. Áfangastaður vinnusóknar þeirra sem svara þessari spurningu játandi er byggður á svörum við spurninginni „Hvert er póst-

númerið þar sem vinnustaðurinn er?“. Vinnusókn frá suðvestursvæðinu til höfuðborgarsvæðisins og annarra byggðarlaga er metin með tilliti til búsetu, kyns, aldursflokks, fjölskyldugerðar, háskólamenntunar, og atvinnuflokkum.

Úrtakinu var skipt í tvo aldursflokka; 40 ára eða yngri og eldri en 40 ára til að meta hvort vinnusókn svarenda á fyrri hluta starfsferils væri ólík vinnusókn á síðari hluta hans. Við úrvinnsluna prófuðu höfundar einnig aðrar útfærslur, svo sem að nota aldursár sem línulega og ólínulega forspárbreytu og að skipta aldri í fleiri flokka. Niðurstöður slíkra greininga gáfu mjög svipaða niðurstöðu og því er einfaldasta útfærslan notuð.

Sérstaklega var litið til þess hvort svarendur byggju einir og hvort börn væru á heimilinu, en aðrar fjölskyldugerðir voru samanburðarhópur. Þeir sem búa einir kunna að vera frjálsari að því að ferðast lengri vegalengdir til vinnu, en þeir sem væru með börn á heimili gætu verið bundnari af nálægð vinnustaðar við heimili. Að því marki sem verkaskipting foreldra fylgdi hefðbundnu mynstri mætti búast við því að börn á heimili hefðu meiri áhrif á akstur kvenna til vinnu.


Hvað menntun varðar var litið sérstaklega til svarenda með háskólapróf í samanburði við aðra svarendur. Vinnumarkaður fyrir háskólamenntaða eru almennt sérhæfðari en vinnumarkaður þeirra sem hafa aðra menntun og líklegra að háskólamenntaðir þurfi að sækja í mesta þéttbýlið til að finna starf við hæfi.

Í könnuninni var spurt um 24 flokka atvinnu en fyrir eftirfarandi greiningu var störfum skipt í átta meginflokka; fjármál; frumframleiðslu; fræðslustarfsemi; iðnað; stjórnsýslu, menningu og félagasamtök; tækni og vísindi; velferðarþjónusta og aðra verslun og þjónustu.

Í tvíkosta aðhvarfsgreiningu eru sjálfstæð áhrif einstakra þátta á líkindi á vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins áætluð og samvirkniáhrif prófuð.

## 4 Niðurstöður

Mynd 2 sýnir veginn hlutfall fólks á vinnumarkaði á einstökum búsetusvæðum sem sækir vinnu í heimabyggð, á höfuðborgarsvæðið eða annað. Á flestum búsetusvæðum sækir meirihluti íbúanna vinnu í heimabyggð. Lægst er hlutfall atvinnu í heimabyggð 22% í Vogum á Vatnsleysuströnd en það hlutfall er einnig þriðjungur eða minna í Hvalfjarðarsveit, Sandgerði og Garði. Hins vegar vekur athygli að á flestum svæðum er minni vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins en til annarra svæða utan heimabyggðar.



**Mynd 2.** Vinnusókn í heimabyggð, til höfuðborgarsvæðisins eða annarra byggðarlaga eftir búsetusvæðum



Á öllu suðvestursvæðinu frá Akranesi um Suðurnes að Árborg og Flóahreppi að Garði undanskildum sækja a.m.k. 10% íbúa á vinnumarkaði vinnu til höfuðborgarsvæðisins. Vinnusókn yfir 20% til höfuðborgarsvæðisins er hins vegar bundin við þrengri hring frá Akranesi um Voga á Vatnsleysuströnd og Ölfus að Hveragerði. Vegið hlutfall vinnusóknar til höfuðborgarsvæðisins er hæst 36% frá Vogum á Vatnsleysuströnd, en það er jafnframt eina búsetusvæðið þar sem fleiri sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins en í heimabyggð. Utan suðvestursvæðisins er vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins mest um 7% í Borgarfirði og 4% í uppsveitum Árnassýslu en innan við 2% á öðrum búsetusvæðum.

Á öllum búsetusvæðum sækja meira en 10% íbúanna vinnu út fyrir heimabyggð annað en á höfuðborgarsvæðið. Hæst er það hlutfall yfir 60% í Garði og Hvalfjarðarsveit, en yfir 40% íbúa Dalabyggðar, Borgarfjarðar, Sandgerðis, Rangárþinga og uppsveita Árnassýslu sækja einnig vinnu út fyrir heimabyggð til annarra staða en höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 2 sýnir hlutfall vinnusóknar kvenna og karla á vinnumarkaði á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi. Konur eru mun líklegri en karlar til að vinna í heimabyggð en að sama skapi mun ólíklegri til að sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið. Í heild sækja 51% karla og 67% kvenna vinnu í heimabyggð, en vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins er að meðaltali 17% meðal karla og 9% meðal kvenna.

Meðal kvenna er vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins langmest í Vogum eða um 40%. Annars staðar á Suðurnesjum, í Hveragerði og Ölfusi, Árborg og á Akranesi sækja 10–19% kvenna á vinnumarkaði vinnu til höfuðborgarsvæðisins. Í Vogum, Hveragerði og Ölfusi og á Akranesi sækja 30–37% karla á vinnumarkaði vinnu á höfuðborgarsvæðið en 20–22% annars staðar á Suðurnesjum og í Árborg og 10% í Borgarfirði. Annars staðar á Suður- og Vesturlandi er vinnusókn karla og kvenna til höfuðborgarsvæðisins óveruleg.

**Tafla 2.** Vinnusókn karla og kvenna á vinnumarkaði eftir einstökum búsetusvæðum á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi árið 2017

Breyta	KONUR			KARLAR		
	Heima- byggð	Höfub. svæði	Annað	Heima- byggð	Höfub. svæði	Annað
SUÐURNES	67%	11%	22%	51%	22%	27%
Vogar	33%	40%	27%	15%	35%	50%
Suðurnes annað	69%	10%	21%	53%	22%	25%
VESTURLAND	67%	10%	23%	48%	17%	35%
Akranes og Hvalfjarðarsveit	63%	19%	18%	39%	30%	31%
Borgarfjörður	63%	5%	32%	44%	10%	46%
Snæfellsnes og Dalir	77%	2%	22%	65%	3%	32%
SUÐURLAND	66%	7%	27%	53%	14%	33%
Hveragerði og Ölfus	64%	16%	20%	32%	37%	31%
Árborg og Flóahreppur	64%	10%	26%	50%	20%	30%
Uppsveitir Árnes- og Rangárv.s.	54%	3%	43%	47%	3%	50%
Suðurland annað	82%	1%	17%	75%	2%	23%
SAMTALS	67%	9%	24%	51%	17%	32%

Tafla 3 sýnir vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins frá suðvestursvæðinu eftir kyni, aldri, menntun, fjöldskyldugerð, búsetusvæði og atvinnuflokkum. Suðurnes, Akranes og Hvalfjarðarsveit, Hveragerði og Ölfus og Árborg og Flóahreppur teljast hér til suðvestursvæðisins en önnur svæði á Suður- og Vesturlandi teljast vera utan þess. Samkvæmt þessari skilgreiningu suðvestursvæðisins sækja 46% karla og 66% kvenna vinnu í heimabyggð,

en vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins er að meðaltali 26% meðal karla og 13% meðal kvenna. Ekki er marktækur munur á vinnusókn yngri og eldri þátttakenda. Vinnusókn þeirra sem eru með eitt eða fleiri börn undir 18 ára aldri á heimili fylgir svipuðu mynstri og vinnusókn þeirra sem búa einir. Hins vegar eru þessir hópar líklegri en aðrir til að vinna í heimbyggð eða á höfuðborgarsvæðinu en ólíklegri til að ferðast annað til vinnu.

Svipað hlutfall fólks með og án háskólaprófs sækja vinnu í heimabyggð. Hins vegar eru þeir sem eru með háskólapróf líklegri til að sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið en ólíklegri til að sækja vinnu annað. Þannig vinna 27% háskólamenntaðra en aðeins 16% annarra á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar sækja 18% háskólamenntaðra en 30% annarra vinnu út fyrir heimabyggð á aðra staði en höfuðborgarsvæðið.

**Tafla 3.** Vinnusókn eftir kyni, aldri, fjölskyldugerð, menntun, búsetusvæðum og atvinnuflokkum á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi árið 2017

Breyta	Heimabyggð	Höfuðborgarsvæði	Annað
<b>KYN</b>			
Karlar	46%	26%	28%
Konur	66%	13%	21%
$\chi^2: 80,6(2) p. < 0,001$			
<b>ALDUR</b>			
40 ára eða yngri	56%	19%	25%
Eldri en 40 ára	54%	21%	25%
$\chi^2: 1,7(2) p. > 0,05$			
<b>FJÖLSKYLDUGERÐ</b>			
Búa ein	55%	23%	22%
Börn undir 18 á heimili	56%	21%	23%
Annað	53%	18%	29%
$\chi^2: 10,4(4) p. < 0,05$			
<b>MENNTUN</b>			
Háskólapróf	56%	27%	17%
Önnur menntun	54%	16%	30%
$\chi^2: 58,3(2) p. < 0,001$			
<b>BÚSETUSVÆÐI</b>			
Akranes og Hvalfjarðarsveit	49%	25%	26%
Vogar	22%	36%	42%
Suðurnes annað	62%	17%	21%
Hveragerði og Ölfus	47%	27%	26%
Árborg og Flói	56%	15%	29%
$\chi^2: 57,4(8) p. < 0,05$			
<b>ATVINNUFLOKKUR</b>			
Frumframleiðsla	62%	7%	31%
Iðnaður	41%	21%	38%
Verslun og þjónusta	48%	27%	25%
Velferðarþjónusta	64%	23%	12%
Fræðslustarfsemi	79%	5%	16%
Fjármál	65%	16%	19%
Stjórnsýsla, menning og félagasamtök	60%	28%	12%
Tækni og vísindi	36%	46%	18%
$\chi^2: 274,2(16) p. < 0,001$			
<b>SAMTALS</b>	55%	20%	25%

Íbúar Voga á Vatnsleysuströnd eru líklegastir til að sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið eða 36% fólks á vinnumarkaði. Það hlutfall er aðeins 15-17% annars staðar á Suðurnesjum og í Árborg og Flóahreppi en 25-27% meðal íbúa á Akranessvæðinu, Hveragerði og Ölfusi. Lægsta hlutfall fólks vinnur í heimabyggð í Vogum eða 22% en hæsta hlutfallið annars staðar á Suðurnesjum eða 62%. Annars staðar á suðvestursvæðinu vinna 47-56% íbúanna í heimabyggð.

Þegar litið er til einstakra atvinnuflokka má sjá að hlutfall fólks sem starfar í heima-byggð er hæst 79% meðal þeirra sem starfa við fræðslustarfsemi en lægst 36% meðal þeirra sem starfa við tækni og vísindi. Hlutfallið er 41-48% í iðnaði, verslun og þjónustu en 62-65% í öðrum atvinnuflokkum. Aðeins 5% þeirra sem starfa við fræðslustarfsemi og 7% þeirra sem vinna við frumframleiðslu sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins. Það gera hins vegar 46% þeirra sem starfa við tækni og vísindi. Í öðrum starfsflokkum er vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins á bilinu 16-28%.

#### 4.1 Tvíkosta aðhvarfsgreining

Tafla 4 sýnir niðurstöður tvíkosta aðhvarfsgreining (e. binary logistic regression) á líkum þess að starfandi íbúar á suðvestursvæðinu sækji vinnu til höfuðborgarsvæðisins. Að teknu tilliti til annarra þátta eru karlar tvöfalt líklegri en konur til að sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins ( $1/0,49=2,04$ ). Börn á heimili tengjast ekki líkum þess að karlar sækji vinnu á höfuðborgarsvæðið en líkur þess að mæður sækji þangað vinnu af suðvesturhorninu eru aðeins þriðjungur af líkum á vinnusókn annarra á höfuðborgarsvæðið.

Líkur þess að þeir sem eru með háskólapróf sækji vinnu á höfuðborgarsvæðið eru 1,76 sinnum hærri en þeirra sem ekki eru með háskólapróf og til viðbótar eru líkurnar á því að þeir sem eru 40 ára eða yngri og háskólamenntaðir sækji þangað vinnu 2,58 sinnum hærri. Að teknu tilliti til háskólamenntunar er ekki marktækur munur á vinnusókn yngri og eldri hópsins til höfuðborgarsvæðisins.

Að teknu tilliti til annarra þátta eru líkurnar á vinnusókn á höfuðborgarsvæðið áætlaðar 4,24 sinnum hærri í Vogum á Vatnsleysuströnd en annars staðar á Suðurnesjum. Úrtakið er þó lítið í Vogum og öryggisbil því vítt. Þannig má fullyrða með 95% vissu að líkurnar í Vogum séu á bilinu 1,97-9,11 sinnum meiri en annars staðar á Suðurnesjum. Vinnusókn er jafnframt 1,39-2,62 sinnum líklegri frá Akranesi og Hvalfjarðarsveit og 1,78-3,69 sinnum líklegri frá Hveragerði og Ölfusi miðað við 95% öryggisbil. Hins vegar er ekki marktækur munur á vinnusókn á höfuðborgarsvæðið milli Suðurnesja án Voga annars vegar og Árborgar og Flóahrepps hins vegar (0,66-1,29).

Umtalsverður munur er á atvinnusókn til höfuðborgarsvæðisins eftir atvinnuflokkum. Hér eru störf við iðnað höfð til samanburðar í tölfræðilegu greiningunni. Niðurstöðurnar sýna að á suðvestursvæðinu er fólk sem starfar við frumframleiðslu eða fræðslustarfsemi marktækt ólíklegra en fólk í öðrum atvinnuflokkum til að sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið. Í úrtakinu eru þannig líkur þess að starfsfólk í fræðslustarfsemi sækji vinnu á höfuðborgarsvæðið til dæmis um fjórðungur af líkunum á því að starfsfólk í iðnaði geri það, en 95% líkur eru á því að hlutfallið sé á bilinu 0,14-0,50 ef allir íbúar hefðu verið spurðir.

Líkurnar á því að starfsfólk í fjármálastarfsemi sækji vinnu til höfuðborgarsvæðisins er ekki marktæk frábrugðnar líkum starfsfólks í iðnaði (0,57-1,38) en líkurnar í velferðarþjónustu ná því að vera tölfræðilega marktækt hærri (1,03-2,62).

**Tafla 4.** Tvíkosta aðhvarfsgreining (e. binary logistic regression) á líkum þess að starfandi íbúar á suðvestursvæðinu sækji vinnu til höfuðborgarsvæðisins

	<i>B</i>	<i>s.e.</i>	<i>Exp(B)</i>	95% öryggisbil
<b>KYN</b>				
Konur	-0,49	0,19	0,61	0,42-0,89
Karlar (samanburður)	---	---	---	
<b>ALDUR</b>				
40 ára eða yngri	-0,45	0,18	0,64	0,45-0,90
Eldri en 40 ára (samanburður)	---	---	---	
<b>MENNTUN</b>				
Háskólapróf	0,56	0,18	1,76	1,23-2,50
Önnur menntun (samanburður)	---	---	---	
<b>FJÖLSKYLDUSTAÐA</b>				
Ein(n) á heimili	0,29	0,23	1,33	0,86-2,08
Börn á heimili	0,42	0,16	1,52	1,10-2,09
Annað (samanburður)	---	---	---	
<b>BÚSETUSVÆÐI</b>				
Vogar á Vatnsleysuströnd	1,44	0,39	4,24	1,97-9,11
Akranes og Hvalfjarðarsveit	0,64	0,16	1,90	1,39-2,62
Hveragerði og Ölfushreppur	0,94	0,19	2,56	1,78-3,69
Árborg og Flóahreppur	-0,08	0,17	0,93	0,66-1,29
Suðurnes annað (samanburður)	---	---	---	
<b>ATVINNUFLOKKUR</b>				
Frumframleiðsla	-1,17	0,34	0,31	0,16-0,61
Verslun og þjónusta	0,68	0,18	1,98	1,39-2,18
Velferðarþjónusta	1,49	0,24	1,64	1,03-2,62
Fræðslustarfsemi	-1,34	0,33	0,26	0,14-0,50
Fjármál	-0,12	0,22	0,89	0,57-1,38
Stjórnsýsla, menning og félagasamtök	0,78	0,23	2,18	1,39-3,40
Vísindi og tækni	0,84	0,23	2,32	1,49-2,63
Iðnaður (samanburður)	---	---	---	
<b>SAMVIRKNI</b>				
Konur x börn á heimili	-1,01	0,26	0,36	0,22-0,61
Yngri x háskólapróf	0,95	0,25	2,58	1,58-4,23
<b>SKÝRÐ DREIFING</b>				
Cox & Snell	0,14			
Nagelkerke	0,22			

Líkurnar fyrir aðra atvinnuflokka eru marktækt hærri en í frumframleiðslu, fræðslustarfsemi, iðnaði eða fjármálastarfsemi. Þannig eru þeir þátttakendur sem starfa við vísindi og tækni til dæmis 2,32 líklegri en starfsfólk í iðnaði til að sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið en 95% líkur á því að hlutfallið sé á bilinu 1,49-2,63 ef allir væru spurðir. Til samanburðar eru hlutfallið t.d. á bilinu 0,57-1,38 fyrir fjármálastarfsemi sem er ekki marktækt frábrugðið iðnaði en marktækt lægra en fyrir vísindi og tækni.

**Tafla 5.** Nokkur dæmi um spágildi tvíkosta aðhvarfsgreiningar (e. binary logistic regression) á líkum þess að starfandi íbúar á suðvestursvæðinu sæki vinnu til höfuðborgarsvæðisins

Breyta	Fjöldi (N)	Spágildi	Staðalfrávik
<b>Allir svarendur</b>	<b>2.010</b>	<b>20%</b>	<b>16%</b>
<i>Allir karlar</i>	1.108	26%	16%
<i>Dæmi 1:</i>			
Karlar í frumframleiðslu, eldri en fertugir, engin börn á heimili	39	7%	3%
<i>Dæmi 2:</i>			
Karlar í vísindum, fertugir eða yngri, börn á heimili	51	56%	13%
<i>Allar konur</i>	902	13%	11%
<i>Dæmi 3:</i>			
Konur í fræðslustarfsemi, eldri en fertug, börn á heimili	46	3%	1%
<i>Dæmi 4:</i>			
Kona í verslun eða þjónustu, fertug eða yngri, engin börn á heimili	23	20%	12%

Tafla 5 sýnir spágildi tvíkosta aðhvarfsgreiningar á líkum þess að tilteknir hópar starfandi íbúa á suðvestursvæðinu sæki vinnu til höfuðborgarsvæðisins. Í samræmi við raunverulega tíðni spáir líkanið því að 20,1% allra svarenda sæki vinnu á höfuðborgarsvæðið.

Samkvæmt líkaninu eru 26% líkur á því að karlar sæki vinnu til höfuðborgarsvæðisins. Sé tekið dæmi af einstökum hópum karla eru líkurnar 7% ef þeir starfa í frumframleiðslu, eru eldri en fertugir og eru ekki með börn á heimilinu. Meðal þeirra karla sem eru starfa við vísindi eða tækni, eru fertugir eða yngri og eru með börn á heimilinu eru 56% líkur á vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins.

Samkvæmt líkaninu eru 13% líkur á því að konur sæki vinnu til höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar eru líkurnar til dæmis 3% ef þær starfa í fræðslustarfsemi, eru eldri en fertugar, og eru með börn á heimili. Meðal þeirra kvenna sem starfa við verslun eða þjónustu, eru fertugar eða yngri og er ekki með börn á heimili eru líkurnar 20%.

## 5 Umræða

Mikill vöxtur byggðarlaga í seilingarfjarlægð frá Reykjavík er ein veigamesta breytingin í byggðapróun landsins á síðari árum og helsta ástæða þess að höfuðborgarsvæðið vex nú hægar en landið í heild. Þessi þróun gengur gegn viðteknum hugmyndum um þéttbýlisvæðingu hér á landi og vekur spurningar um hvort líta eigi á þessi byggðarlög sem sjálfstæð byggðarlög sem njóti góðs af nálægðinni við höfuðborgarsvæðið eða einhvers konar úthverfi (e. suburbs), útbyggðir (e. exurbs) eða jaðarbyggðir (e. periurbs) Reykjavíkur þar sem borgarbúar hafi fundið sér ódýrt húsnæði og rólegt umhverfi fyrir fjölskyldur. Þannig hafa lánastofnanir einkum rakið fólksfjölgun á suðvestursvæðinu til skorts á íbúðarhúsnæði og hlutfallslega háu húsnæðisverði á höfuðborgarsvæðinu (Arionbanki, 2017; Íslandsbanki, 2017). Með svipuðum hætti hafa sumir rannsakendur haldið því fram að „stór-höfuðborgarsvæðið“ (Ásdís Hlökk Theodórsdóttir o.fl, 2012; Vífill Karlsson og Hjalti Jóhannesson, 2016) eða jafnvel einfaldlega „höfuðborgarsvæðið“ (Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eyþórsson, 2013) nái nú allt til Borgarfjarðar, Suðurnesja og Árnassýslu.

Hér er mikilvægt að gæta nokkurrar varkárni í hugtakanotkun til að forðast ónákvæmni og misskilning í umræðunni. Reykjavík og nágrannasveitarfélög hennar mynda eitt samfellt borgarsamfélag sem hefur mörg einkenni virks borgarsvæðis þótt stærð og þéttleiki borgarkjarnans sé talsvert undir viðmiðunarmörkum OECD (2013). Sú hefð hefur skapast að kalla þetta borgarsamfélag „höfuðborgarsvæðið“ þótt e.t.v. væri skýrara að kalla það „borgina við sundin“ eða eitthvað slíkt. Áhrifasvæði þessarar borgar (e. urban

hinterlands) er ekki hluti hins samfellda borgarsvæði í skilningi OECD og útvíkkun hugtaksins „höfuðborgarsvæði“ yfir landsbyggðir á áhrifasvæði borgarinnar myndi krefjast þess að annað hugtak yrði notað yfir hið samfellda borgarsvæði Reykjavíkur og aðliggjandi sveitarfélaga. Hér hefur verið farin sú leið að nota hugtakið „höfuðborgarsvæðið“ yfir hið samfellda borgarsvæði en „suðvestursvæðið“ yfir áhrifasvæði borgarinnar á suðvesturhorni landsins.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar eru byggðarlög á suðvestursvæði landsins fjarri því að geta talist hluti borgarsamfélagsins. Meirihluti íbúa á Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi sækja vinnu innan heimabyggðar og á flestum svæðum er meiri vinnusókn annað innan landsvæðisins en til höfuðborgarsvæðisins. Þótt vinnusókn höfuðborgarsvæðisins sé þannig mikilvægur þáttur í atvinnulífi byggðarlaga á suðvestursvæði landsins byggir vinnumarkaður þeirra almennt að mestu leyti á störfum í heimabyggð eða annars staðar í landshlutanum. Hins vegar telst drjúgur hluti suðvestursvæðisins til áhrifasvæðis borgarinnar (e. urban hinterlands) í skilningi OECD (2013). Vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins er þannig yfir 15% viðmiðunarmörkum OECD frá Akranesi að Reykjanesbæ og Árborg og Grindavík er jafnframt rétt undir þeim mörkum. Vinnusókn frá Garði, Sandgerði, Borgarbyggð og fjarlægari byggðarlög á Suður- og Vesturlandi til höfuðborgarsvæðisins er hins vegar talsvert undir þeim mörkum. Mest er vinnusóknin á svæðinu frá Vogum á Vatnsleysuströnd að Akranesi, Þorlákshöfn og Hveragerði þar sem meira en fjórðungur fólks á vinnumarkaði starfar á höfuðborgarsvæðinu. Vogar hafa hér talsverða sérstöðu þar sem flestir starfandi íbúar sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins eða annarra byggðarlaga á Suðurnesjum. Frá Vogum eru 14 km til Keflavíkur og 24 km til Hafnarfjarðar og leiðin að mestu á tvöfaldri hraðbraut.

Víða um heim hafa rannsóknir sýnt fram á að konur séu ólíklegri en karlar til að ferðast langt til vinnu, sérstaklega ef börn eru á heimilinu (Cassel o.fl., 2013; Crane 2007; Dobbs, 2007; Haas og Osland, 2014; Maoh og Tang, 2012). Það kann að hluta til að skýrast af hefðbundinni verkaskiptingu kynjanna þar sem mæður bera oft meiri ábyrgð á heimilishaldi og skólagöngu barna (Andrea Hjálmsdóttir og Atli Hafþórsson, 2015; Dobbs, 2007). Þótt Ísland standi að mörgu leyti framarlega í jafnréttismálum virðist svipaður munur á atvinnusókn kvenna hér á landi (Björk Sigurgeirsdóttir, 2004; Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson, 2003; Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2004). Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að nærri tvær af hverjum þremur starfandi konum en um helmingur starfandi karla á suðvestursvæðinu vinna í heimabyggð. Konur á suðvestursvæðinu eru einkum ólíklegri en karlar til að sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið, sérstaklega ef börn undir átján ára aldri eru búsett á heimilinu.

Sterkar vísbendingar eru þó um að vegalengdir skipti miklu máli í þessu sambandi. Þannig jókst vinnusókn kvenna frá byggðakjörnum Fjallabyggðar eftir opnun Héðinsfjarðarganganna árið 2010 og kynjamunur í slíkri vinnusókn var ekki lengur marktækur (Andrea Hjálmsdóttir og Atli Hafþórsson, 2015). Þessi aukning í vinnusókn kvenna mátti að öllu leyti rekja til vinnusóknar kvenna með börn undir 18 ára aldri á heimilinu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar (Þóroddur Bjarnason, 2014). Í Vogum á Vatnsleysuströnd er vinnusókn karla og kvenna álíka mikil út fyrir heimabyggð en fjarlægðin milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar eftir opnun Héðinsfjarðarganganna (18 km) er svipuð fjarlægðinni frá Vogum til Hafnarfjarðar annars vegar (24 km) og Keflavíkur hins vegar (14 km). Því virðist sem fjarlægðir innan þeirra marka hafi ekki áhrif á vinnusókn kvenna.

Erlendar rannsóknir benda til að yngra fólk sé viljugra en þeir sem eldri eru til að sækja vinnu um langan veg en það samband sé fremur veikt og óreglulegt (Cassel o.fl., 2013; Maoh og Tang, 2012; Sandow, 2008). Hins vegar tengist menntastig bæði sérhæfingu á vinnumarkaði og tekjum og því eru þeir sem hafa meiri menntun almennt líklegri til að ferðast lengri veg til vinnu (Cassel o.fl., 2013; Sandow, 2008; Sandow og Westin, 2010; Öhman og Lindgren, 2003). Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar er marktæk samvirkni milli aldurs, menntunar og líkum þess að sækja vinnu frá suðvestursvæðinu til

höfuðborgarsvæðisins. Þannig eru svarendur með háskólapróf líklegri til að sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins en þeir sem eru 40 ára eða yngri eru ólíklegri til þess að sækja þangað vinnu. Hins vegar eru þeir sem eru bæði yngri og með háskólapróf líklegri til slíkrar vinnusóknar. Háskólamenntun virðist því sérstaklega hafa áhrif á vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins meðal yngra fólks.

Það kemur ekki á óvart að fólk sem vinnur við landbúnað eða sjávarútveg sækji sjaldan vinnu frá suðvestursvæðinu til höfuðborgarsvæðisins. Það er hins vegar athyglisvert að kennarar og annað starfsfólk í fræðslustarfsemi er álíka ólíklegt til þess og starfsfólk í frumframleiðslu. Það er þó í samræmi við niðurstöður rannsókna sem sýna að kennarar eru líklegri en aðrar háskólamenntaðar starfstéttir til að vinna í heimabyggð að námi loknu (t.d. Boyd o.fl., 2005; Jaramillo, 2012; Krieg o.fl., 2016; Reininger, 2012; Þóroddur Bjarnason og Bryhildur Þórarinsdóttir, 2018). Þau sem starfa við iðnað eru líklegri til að vinna á höfuðborgarsvæðinu en þau sem starfa við frumframleiðslu eða fræðslustarfsemi. Þau eru hins vegar en ólíklegri til slíkrar vinnusóknar en fólk í öðrum atvinnugreinum. Þau sem starfa á sviði vísinda og tækni, stjórnsýslu, velferðarþjónustu eða félags- og menningarstarfsemi eru líklegust til að sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið. Með svipuðum hætti eru háskólamenntaðir Íslendingar á sviði heilbrigðis- og raunvísinda líklegri en aðrir til að flytja búferlum til höfuðborgarsvæðisins (Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017).

Vinnusókn frá suðvestursvæðinu til höfuðborgarsvæðisins er þannig háð kyni, aldri, menntun, fjölskyldustöðu og atvinnugreinum en þótt slík vinnusókn sé mikilvægur hluti vinnumarkaðar suðvestursvæðisins er hún langt frá því að vera helsti atvinnuvegur íbúanna. Suðvestursvæðið einkennist af margvíslegri starfsemi á sviði flutninga, ferðaþjónustu, iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar auk verslunar og þjónustu af ýmsu tagi. Nálagðin við höfuðborgarsvæðið skapar margvíslega möguleika á svæðinu öllu en möguleikar á vinnusókn þangað er þannig aðeins ein af mörgum stöðum atvinnulífsins.

## Þakkir

Þessi rannsókn er hluti rannsóknaverkefnisins Búferlaflutningar á Íslandi sem unnið er á vegum Byggðastofnunar. Höfundar vilja þakka Einari Erni Hreinssyni sérfræðingi á þróunarsviði Byggðastofnunar fyrir gerð yfirlitskorts. Höfundur vill jafnframt þakka ritstjóra og tveimur ónefndum ritrýnum fyrir uppbyggilega gagnrýni og gagnlegar tillögur um úrbætur á fyrri útgáfu greinarinnar.

## Heimildir

- Amcoff, J. (2009). Rapid regional enlargement in Sweden: a phenomenon missing an explanation. *Geogr. Ann.: Series B, Hum. Geogr.*, 91(3), 275–287. DOI: 10.1111/j.1468-0467.2009.00320.x
- Andrea Hjálmsdóttir og Atli Hafþórsson. (2015). Staða kynjanna fyrir og eftir opnun Héðinsfjarðarganga: Samgöngur, viðhorf til vinnumarkaðar og verkaskipting á heimilum. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(1), 53–75.
- Arionbanki. (2017). *Húsnæðismarkaðurinn enn í leit að jafnvægi: Skýrsla um íbúðarhúsnæði*. Arionbanki. Sótt 4. janúar 2018 af <http://www.arionbanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c44337a4-e7be-11e6-9db6-d8d385b77fc4>
- Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson. (2002). *Byggðir og búseta: Þéttbýlismyndun á Íslandi*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Árni Ragnarsson. (2017). *Stöðugreining 2017: Byggðapróun á Íslandi*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 30. desember 2017 af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2017-04-06a.pdf>
- Ásdís Hlökk Theódórsdóttir, Salvör Jónsdóttir, Davíð Þór Guðmundsson og Grétar Már Hreggviðsson. (2012). *Veðjað á vöxt: Byggðapróun á stór-höfuðborgarsvæðinu*. Reykjavík: Háskólinn í Reykjavík.
- Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eyþórsson. (2013). Vægi atkvæða og pólitískt jafnrétti. *Íslenska þjóðfélagið*, 4(1), 39–63.
- Björk Sigurgeirsdóttir. (2004). *Atvinnu- og skólasókn til höfuðborgarsvæðisins. Könnun meðal íbúa Árborgar, Akraness og Borgarbyggðar árið 2004*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri. Sótt 9. janúar 2018 af <https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2004/Kragakonnun.pdf>
- Boyd, D., Lankford, H., Loeb, S. og James Wyckoff, J. (2005). The draw of home: how teachers' preferences for proximity disadvantage urban schools. *Journal of Policy Analysis and Management*, 24(1), 113–132. DOI: 10.1002/pam.20072

- Byggðastofnun. (2012a). *Sóknaráætlanir landshluta: Stöðugreining 2012, yfirlit*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 1. október 2018 af [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/Soknaraaetlun\\_Heild\\_2012.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/Soknaraaetlun_Heild_2012.pdf)
- Byggðastofnun. (2012b). *Sóknaráætlun Suðurlands: Stöðugreining 2012*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 15. febrúar 2018 af [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/Soknaraaetlun\\_Sudurlands\\_2012.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/Soknaraaetlun_Sudurlands_2012.pdf)
- Byggðastofnun. (2012c). *Sóknaráætlun Suðurnesja: Stöðugreining 2012*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 15. febrúar 2018 af [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/Soknaraaetlun\\_Sudurnesja\\_2012.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/Soknaraaetlun_Sudurnesja_2012.pdf)
- Byggðastofnun. (2012d). *Sóknaráætlun Vesturlands: Stöðugreining 2012*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 15. febrúar 2018 af [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/Soknaraaetlun\\_Vesturlands\\_2012.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/Soknaraaetlun_Vesturlands_2012.pdf)
- Cassel, S. H., Macuchova, Z., Rudholm, N. og Rydell, A. (2013). Willingness to commute long distance among job seekers in Dalarna, Sweden. *Journal of Transport Geography*, 28(1), 49–55. DOI: 10.1016/j.jtrangeo.2012.10.011
- Champion, T., Cooke, T. og Shuttleworth, I. (ritstj.) (2018). *Internal migration in the developed world: Are we becoming less mobile?* London: Routledge.
- Crane, R. (2007). Is there a quiet revolution in women's travel? Revisiting the gender gap in commuting. *J. Am. Plan. Assoc.*, 73(3), 298–316. DOI: 10.1080/01944360708977979
- Dobbs, L. (2007). Stuck in the slow lane: reconceptualizing the links between gender, transport and employment. *Gender, Work and Organisation*, 14(2), 85–108. DOI: 10.1111/j.1468-0432.2007.00334.x
- Fleming, P. (2017). The Human Capital Hoax: Work, Debt and Insecurity in the Era of Uberization. *Organizational Studies*, 38(5), 691–709. DOI: 10.1177/0170840616686129
- Garmendia, M., Urena, J. M. og Coronado, J. M. (2011). Long-distance trips in a sparsely populated region: the impact of high-speed infrastructures. *Journal of Transport Geography*, 19(4), 537–551. DOI: 10.1016/j.jtrangeo.2010.06.002
- Grimes, S. (2000). Rural areas in the information society: diminishing distance or increasing learning capacity? *Journal of Rural Studies*, 16(1), 13–21. DOI: 10.1016/S0743-0167(99)00027-3
- Grimsrud, G. M. (2011). How well does the 'counter-urbanization story' travel to other countries? The case of Norway. *Population, Space and Place*, 17(5), 642–655. <https://doi.org/10.1002/psp.655>
- Haas, A. og Osland, L. (2014). Commuting, migration, housing and labour markets: complex interactions. *Urban Studies*, 51(3), 463–476. DOI: 10.1177/0042098013498285
- Haddad, H., Lyons, G. og Chatterjee, K. (2009). An examination of determinants influencing the desire for and frequency of part-day and whole-day homeworking. *Journal of Transport Geography*, 17(2), 124–133. DOI: 10.1016/j.jtrangeo.2008.11.008
- Hagstofa Íslands. (2018a). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum, 1998–2018*. Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt 10. apríl 2018 af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>
- Hagstofa Íslands. (2018b). *Búferlaflutningar eftir byggðakjörnum, strjálbýli og kyni, 2011–2016*. Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt 3. janúar 2018 af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/buferlaflutningar/innanlands/>
- Halfacree, K. (2008). To revitalize counterurbanization research? Recognizing an international and fuller picture. *Population, Space and Place*, 14(6), 479–495. <https://doi.org/10.1002/psp.501>
- Helminen, V. og Ristimäki, M. (2007). Relationship between commuting distance, frequency and telework in Finland. *Journal of Transport Geography*, 15(5), 331–342. DOI: 10.1016/j.jtrangeo.2006.12.004
- Hislop, D. og Axtell, C. (2007). The neglect of spatial mobility in contemporary studies of work: the case of telework. *New Technology, Work and Employment*, 22(1), 34–51. DOI: 10.1111/j.1468-005X.2007.00182.x
- Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson. (2003). *Forgangsröðun framkvæmda í vegakerfinu: Félags- og efnahagsleg áhrif samgöngubóta*. Akureyri: RHA.
- Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson. (2004). *Áhrif Hvalfjarðarganga á samfélag og byggð á Vesturlandi. Niðurstöður könnunar meðal íbúa á svæðum norðan ganga árið 2003*. Akureyri: RHA. Sótt 5. nóvember 2017 af <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/8891/hvalfjg.pdf>
- Íslandsbanki. (2017). *Íslenskur íbúðamarkaður*. Reykjavík: Íslandsbanki. Sótt 4. janúar 2018 af [https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Greining/Skyrslur/I%CC%81slenskur%20i%CC%81bu%CC%81%C3%B0amar ka%C3%B0ur%202017-FINAL\\_vef.pdf](https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Greining/Skyrslur/I%CC%81slenskur%20i%CC%81bu%CC%81%C3%B0amar ka%C3%B0ur%202017-FINAL_vef.pdf)
- Jaramillo, M. (2012). The spatial geography of teacher labor markets: evidence from a developing country. *Economics of Education Review*, 31(6), 984–99. DOI: 10.1016/j.econedurev.2012.07.005
- Krieg, J. M., Theobald, R. og Goldhaber, D. (2016). A foot in the door: exploring the role of student teaching assignments in teachers' initial job placements. *Educational Evaluation and Policy Analysis*, 38(2), 364–388. DOI: 10.3102/0162373716630739
- Laegran, A. S. (2008). Domesticating home anchored work: negotiating flexibility when bringing ICT based work home in rural communities. *Geoforum*, 39(6), 1991–1999. DOI: 10.1016/j.geoforum.2008.06.007
- Lowe, T. S. (2018). Perceived Job and Labor Market Insecurity in the United States: An Assessment of Workers' Attitudes From 2002 to 2014. *Work and Occupations*, 45(3), 313–345. DOI: 10.1177/0730888418758381
- Maoh, H. og Zhongyuan T. (2012). Determinants of normal and extreme commute distance in a sprawled



- midsize Canadian city: evidence from Windsor, Canada. *Journal of Transport Geography*, 25(1), 50–57. DOI: 10.1016/j.jtrangeo.2012.07.003
- Mitchell, C. J. A. (2004). Making sense of counterurbanization. *Journal of Rural Studies*, 20(1), 15–34. DOI: 10.1016/S0743-0167(03)00031-7
- OECD. (2013). *Definition of Functional Urban Areas (FUA) for the OECD metropolitan database*. Sótt 30. mars 2018 af <https://www.oecd.org/cfe/regional-policy/Definition-of-Functional-Urban-Areas-for-the-OECD-metropolitan-database.pdf>
- Power, S., Brown, P., Allouch, A. og Tholen, G. (2013). Self, Career and Nationhood: The contrasting aspirations of British and French elite graduates. *British Journal of Sociology*, 64(4), 578–596. DOI: 10.1111/1468-4446.12048
- Reininger, M. (2012). Hometown disadvantage? It depends on where you're from: teachers' location preferences and the implications for staffing schools. *Educational Evaluation and Policy Analysis*, 34(2), 127–145. DOI: 10.3102/0162373711420864
- Renkow, M. og Hoover, D. (2000). Commuting, migration, and rural-urban population dynamics. *Journal of Regional Sciences*, 40(2), 261–287. DOI: 10.1111/0022-4146.00174
- Sameinuðu þjóðirnar. (2015). *World Urbanization Prospects: The 2014 Revision*. New York: Sameinuðu þjóðirnar. Sótt 1. október 2018 af <https://esa.un.org/unpd/wup/publications/files/wup2014-report.pdf>
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. (2015). *Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015–2018*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 14. febrúar 2018 af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Soknaraatlun/2015-19/soknaraatlun-hofudborgarsvaedisins-2015-2019.pdf>
- Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi. (2015). *Sóknaráætlun Suðurlands 2015–19*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 14. febrúar 2018 af <http://sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2015/09/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun-2015-til-2019.pdf>
- Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum. (2015). *Sóknaráætlun Suðurnesja 2015–19*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 14. febrúar 2018 af [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Soknaraatlun/2015-19/soknaraatlun-sudurnesja-2015-2019\\_lokautgafa.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Soknaraatlun/2015-19/soknaraatlun-sudurnesja-2015-2019_lokautgafa.pdf)
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. (2015). *Sóknaráætlun Vesturlands 2015–19*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 14. febrúar 2018 af <http://ssv.is/Files/soknaraatlun-vesturlands-2015-2019-.pdf>
- Sandow, E. (2008). Commuting behaviour in sparsely populated areas: evidence from northern Sweden. *Journal of Transport Geography*, 16(1), 14–27. DOI: 10.1016/j.jtrangeo.2007.04.004
- Sandow, E. og Westin, K. (2010). The persevering commuter – duration of long distance commuting. *Transportation Research Part A – Policy and Practice*, 44(6), 433–445. DOI: 10.1016/j.tra.2010.03.017
- Schwartz, D. (2018). Embedded in the Crowd: Creative Freelancers, Crowdsourced Work, and Occupational Community. *Work and Occupations*, 45(3), 247–282. DOI: 10.1177/0730888418762263
- Shabanpour, R., Golshani, N., Tayarani, M., Auld, J. og Mohammadian, A. (2018). Analysis of telecommuting behavior and impacts on travel demand and the environment. *Transportation Research Part D – Transport and Environment*, 62(1), 563–576. DOI: 10.1016/j.trd.2018.04.003
- Sigríður K. Þórgrímsdóttir (ritstj.). (2012). *Samfélag, atvinnulíf og íbúðarþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun. Sótt 7. janúar 2017 af [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag\\_atvinnulif\\_og\\_ibuathroun\\_skyrslan\\_i\\_heild.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag_atvinnulif_og_ibuathroun_skyrslan_i_heild.pdf)
- Simpson, L., Daws, L. Pini, B. og Wood, L. (2003). Rural telework: case studies from the Australian outback. *New Technology, Work and Employment*, 18(2), 115–126. DOI: 10.1111/1468-005X.00114
- Stefán Ólafsson. (1997). *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Reykjavík: Byggðastofnun.
- Valdimar Kristinsson. (1963). Þróunarsvæði á Íslandi. *Fjármálatíðindi*, 10, 165–175.
- Vegagerðin. (2018). Vegalengdir: Leiðir frá ýmsum stöðum. Sótt 16. apríl 2018 af <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegalengdir/>
- Vífill Karlsson og Grétar Þór Eypórsson. (2009). Búsetuskilyrði á Íslandi: hverju sækist fólk eftir? Í Halldór S. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 365–379.) Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Vífill Karlsson og Hjalti Jóhannesson. (2016). *Skýrsla um ráðstöfun aflamarks sem dregið er frá heildarafla og áhrif þess á byggðafestu*. Akureyri: RHA. Sótt 16. apríl 2018 af [https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Acrobat/160224-Radstofun\\_aflamarks-byggdafesta\\_RHA.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Acrobat/160224-Radstofun_aflamarks-byggdafesta_RHA.pdf)
- Zhu, P. (2012). Are telecommuting and personal travel complements or substitutes? *Annals of Regional Science*, 48(2), 619–639. DOI: 10.1007/s00168-011-0460-6
- Þóroddur Bjarnason. (2014). The effects of road infrastructure improvement on work travel in Northern Iceland. *Journal of Transport Geography*, 41(1), 229–238. DOI: 10.1016/j.jtrangeo.2014.09.009
- Þóroddur Bjarnason. (2018). Íslenskar landsbyggðir og byggðafélagsfræði. *Íslenska þjóðfélagið*, 9(1), í prentun.
- Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir. (2017). The effects of regional and distance education on the supply of qualified teachers in rural Iceland. *Sociologia Ruralis*, 58(4), 786–804. DOI: 10.1111/soru.12185
- Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson. (2017). University pathways of urban and rural migration in Iceland. *Journal of Rural Studies*, 54(8), 244–254. DOI: 10.1016/j.jrurstud.2017.07.001
- Öhman, M. og Lindgren, U. (2003). Who are the long-distance commuters? Patterns and driving forces in Sweden. *European Journal of Geography*, 243(1), 1–33.

